107 25. júlí Af þessu tilefni vil jeg skírskota til laga frá 11. maí 1876 og ráðgjafabrjefs frá 26. maí 1877 (stjórnartíðindin B 86), sem lætur það álit í ljósi, að 2. gr. laga þessara eigi ekki við nefndar ár, þar sem Thomsen kaupmanni sje með hæztarjettardómi frá 16. febrúar 1875 dæmd heimild til að þvergirða árnar, þrátt fyrir ákvörðun 56. kapítula landsleigubálks Jónsbókar, sem lögin frá 11. maí 1876 í þessu tilliti eru byggð á, og í annan stað mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, skýrið Kristinn Magnússyni og þeim fjelögum hans frá því, að hver maður, sem vill lifa í siðuðu fjelagi, og óskar sjálfur að njóta þeirrar verndar, sem lög og dómar veita öllum landsmönnum, er skyldur, ef hann hefur nokkuð að kæra gagnvart öðrum að fylgja fram rjetti sínum með lögum og dómi, og ekki taka hann sjálfur eða sækja með ofbeldi og yfirgangi.

Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að þjer að svo miklu leyti, sem valdstjórninni ber að skipta sjer af þessu máli, gjörið sem allra fyrst gangskör að því, að dómstólarnir gjöri út um lagaheimild hinna áminnztu veiðivjela, sbr. brjef mitt frá 13. ágúst f. á. (stjórnartíð. B 127), eins og jeg býst við, að þjer hlutizt til um, að hinir nefndu bændur verði fyrir þeirri ábyrgð gagnvart hinu opinbera, er þeir virðast samkvæmt lögunum að hafa bakað sjer með hinu áminnzta hervirki.

108 28. júlí — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um* styrk til eflingar landbúnaði. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins í vesturumdæminu lagt það til, að fje því, sem í fjárlögunum er veitt til jarðræktar og eflingar sjáfarútvegi 1879 í vesturumdæminu, verði varið á þennan hátt.

1, til launa handa Ólafi jarðyrkjumanni Bjarnarsyni fyrir að ferðast um ýmsar sýslur og leiðbeina mönnum í jarðabótarstörfum og landbúnaði 400 kr.

2, sem styrki handa Boga Helgasyni frá Vogi til að ljúka við nám sitt á búnaðarskólanum á Stend í Noregi 100 kr.

3. til að koma á fót kennslu í búfræði og jarðabótum hjá Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni 733 kr.

Með tilliti til hinnar síðustu uppástungu hafið þjer skýrt frá því, að amtsráðið hafi samkvæmt ítarlegum tillögum Torfa, sem býr á eignarjörð sinni Ólafsdal í Dalasýslu fallizt á, að þar verði með opinberum styrk komið á fót kennslustofnun fyrir Vesturumdæmið, þar sem menn ættu kost á að nema öll hin helztu atriði í jarðrækt og búfræði eptir því, sem til hagar hjer á landi, og amtsráðið hafi veitt úr búnaðarsjóði vesturumdæmisins 67 kr. í viðbót við nefndar 733 kr., svo að útborgaðar verði á árinu 1879 800 kr. til undirbúnings kennslustofnuninni svo sem með húsastækkun, verkfærakaupum o. fl.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg fellst á þessa tillögu yðar og fylgir hjer með jarðabókarsjóðsávísun á 1233 kr.

PRESTAVÍGSLUR.

Hinn 1 dag júnímán. var kandídat Þorsteinn Benediktsson vígður prestur að Lundi og Fitjum í Borgarfjarðar prófastsdæmi.

14. júní var kandídat Ólafur Ólafsson vígður prestur að Brjámslæk og Haga í Barðastrandar prófastsdæmi.

31. ágúst var kandídat Einar Jónsson vígður prestur að Felli og Höfða í Skagafjarðar prófastsdæmi.